



Ráðhús Reykjavík  
Borgarráð

## **Efni: Tillaga að breytingum á reglum um niðurgreiðslu daggæslu vegna barna há dagforeldrum – Til afgreiðslu**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2023 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. desember 2023, um breytingar á reglum um niðurgreiðslu daggæslu vegna barna hjá dagforeldrum ásamt greinargerð, reglum með breytingum, núgildandi reglum, drögum að þjónustusamningi við dagforeldra, umsögn Barnsins og Barnavistunar, félaga dagforeldra, dags. 28. nóvember 2023 og umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. júní 2023.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur metnað sinn í að finna lausnir og vinna að því að börn fái faglega umönnun. Í ljósi þess var farið af stað í mikla vinnu við að laða að, og halda í, þá aðila sem sinna dagforeldrastörfum. Við viljum standa vörð um þá stétt svo foreldrar hafi valkost og geti hafið störf aftur á vinnumarkaði örugg með að börn þeirra hafi faglegt athvarf. Tillögurnar eru til þess fallnar að leita leiða til að fjölga dagforeldrum í borginni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja tillögur meirihlutans í dagforeldramálum sem hér hafa verið lagðar fram. Á það er minnt að fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ítrekað lagt til að efla og styðja betur við dagforeldrakerfið m.a. á fundum skóla- og frístundaráðs, í borgarráði og borgarstjórn. Meirihlutaflokkarnir hafa á hinn bóginn sýnt andvaraleysi gagnvart uppbyggingu kerfisins, sem endurspeglast m.a. í því að fjöldi dagforeldra var 204 hinn 1. október 2015 á meðan fjöldi dagforeldra var kominn niður í 74 hinn 1. desember síðastliðinn. Börn í vistun hjá dagforeldrum 1. október 2015 voru 689 en eru vel undir 400 í dag.

Þar sem afgreiðsla tillögunnar er tengd við breytingu á gjaldskrá vegna niðurgreiðslu til dagforeldra og komið hefur í ljós að gjaldskráin getur fyrst farið til samþykktar borgarstjórnar þann 9. janúar 2024 er óskað eftir að borgarráð staðfesti afgreiðslu ráðsins með þeirri breytingu að gildistaka færist til 1. febrúar 2024. Lagt verður til að umrædd gjaldskrá taki gildi frá þeim tíma.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags.5. desember 2023

Reglur með breytingum

Núgildandi reglur

Drög að þjónustusamningi við dagforeldra

Umsögn Barnsins og Barnavistunar, félaga dagforeldra, dags. 28.nóv. 2023

Umsögn fjármála- og áhættustýringasviðs, dags. 12. júní 2023



## TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð  
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Efni: Tillaga um breytingar á reglum um niðurgreiðslu daggæslu vegna barna hjá dagforeldrum**

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að reglur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum verði samþykktar með svohljóðandi breytingum:

Núgildandi ákvæði **um gildissvið** er svohljóðandi:

Reglur þessar gilda um niðurgreiðslur skóla- og frístundasviðs til dagforeldra vegna daggæslu reykvískra barna í heimahúsum. Niðurgreiðsla er greidd til dagforeldra til lækkunar daggæslugjöldum foreldra. Niðurgreiðslan fylgir barninu og gera dagforeldri og foreldrar samning um að niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs fari til dagforeldris að nánari skilyrðum uppfylltum. Í ákveðnum tilfellum geta foreldrar sótt um hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldris hjá skóla- og frístundasviði.

Lagt er til að ákvæði **um gildissvið** verði svohljóðandi:

Reglur þessar gilda um niðurgreiðslur og *þjónustusamning* skóla- og frístundasviðs við dagforeldra vegna daggæslu barna í heimahúsum *með lögheimili í Reykjavík*. Niðurgreiðsla er greidd til dagforeldra til lækkunar daggæslugjöldum foreldra *á grundvelli niðurgreiðslusamnings og þjónustusamnings hafi hann verið gerður*. Niðurgreiðslan fylgir barninu og gera dagforeldri og foreldrar samning um að niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs fari til dagforeldris að nánari skilyrðum uppfylltum. Í ákveðnum tilfellum geta foreldrar sótt um hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldris hjá skóla- og frístundasviði. *Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérlaga eftir því sem við á.*

Núgildandi gr. **1.a.** og **1. mgr. í 1.a. gr.** er svohljóðandi:

1.a. Starfsleyfi dagforeldra og reglur sem dagforeldrum ber að fara eftir

Dagforeldrar starfa sjálfstætt en skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldrum starfsleyfi og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi þeirra, sbr. reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Nánari upplýsingar um eftirlit með dagforeldrum má sjá í 35. gr. framangreindrar reglugerðar og í bæklingi skóla- og frístundasviðs um daggæslu í heimahúsum.

Lagt er til að orðalag í **gr. 1.a.** og **1. mgr. 1.a** verði svohljóðandi:

1.a. Starfsleyfi dagforeldra, *eftirlit* og reglur sem dagforeldrum ber að fara eftir

Dagforeldrar starfa sjálfstætt en *Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála* veitir dagforeldrum starfsleyfi *auk þess sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur veitir starfsleyfi ef 6 -10 börn eru í vistun hjá tveim dagforeldrum. Leyfi til daggæslu gefin út af Reykjavíkurborg fyrir 1. janúar 2022 gilda til loka gildistíma leyfanna. Forsenda niðurgreiðslu er að dagforeldri hafi framangreind leyfi. Skóla- og frístundasvið ber ábyrgð á því að höfð sé lögbundin umsjón og innra eftirlit með starfsemi dagforeldra í Reykjavík, sbr. reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum og samþykktir Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar um leyfisveitingar, umsjón og innra eftirlit með dagforeldrum má sjá í framangreindri reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum.*

Núgildandi **3. mgr. í gr. 1.a.** er svohljóðandi:

Starfsleyfi dagforeldris kveður á um hámarksfjölda barna í daggæslu. Ekki er niðurgreitt með fleiri börnum en þar er kveðið á um. Fáí dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með, fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda, þannig að barnafjöldi í daggæslu sé ekki umfram þann fjölda sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Ekki er greitt framlag með börnum dagforeldra, nema viðkomandi hafi einnig önnur börn í daggæslu. Komi upp sú staða að önnur börn hætta í daggæslunni hefur dagforeldri þó einn mánuð frá 1. eða 15. hvers mánaðar til að taka inn önnur börn áður en niðurgreiðsla, vegna eigin barna, er felld niður.

Lagt er til að orðalag **3. mgr. í gr. 1.a.** verði svohljóðandi:

Starfsleyfi dagforeldris kveður á um hámarksfjölda barna í daggæslu. Ekki er niðurgreitt með fleiri börnum en þar er kveðið á um. Fáí dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með, fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda, þannig að barnafjöldi í daggæslu sé ekki umfram þann fjölda sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Ekki er greitt framlag með börnum dagforeldra, nema viðkomandi hafi einnig önnur börn í daggæslu. *Eingöngu er greitt framlag vegna sama fjölda stunda sem tvö eða fleiri börn eru skráð í daggæsluna.* Komi upp sú staða að önnur börn hætta í daggæslunni hefur dagforeldri þó einn mánuð frá 1. eða 15. hvers mánaðar til að taka inn önnur börn áður en niðurgreiðsla, vegna eigin barna, er felld niður.

Núgildandi yfirskrift og **1. mgr. og 2. mgr. í gr. 1.b** er svohljóðandi:

1.b. Upplýsingar um dagforeldra

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is) er listi yfir starfandi dagforeldra í Reykjavík. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur eru einnig með lista yfir dagforeldra í hverju hverfi og veitir daggæsluráðgjafi auk þess allar nánari upplýsingar um starfsemi og vinnutíma dagforeldra og laus pláss.

Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita dagforeldrum og foreldrum ráðgjöf.

Lagt er til að orðalag yfirskriftar og **1. mgr. og 2. mgr. í 1.b.** verði svohljóðandi:

1.b. Upplýsingar um dagforeldra og ráðgjöf

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs [reykjavik.is](http://reykjavik.is) er listi yfir starfandi dagforeldra í Reykjavík. *Suðurniðstöð* er einnig með lista yfir dagforeldra í hverju hverfi og veitir

daggæsluráðgjafi auk þess allar nánari upplýsingar um starfsemi og vinnutíma dagforeldra og laus pláss.

Daggæsluráðgjafar á *Suðurmiðstöð* veita dagforeldrum og foreldrum ráðgjöf.

Núgildandi **1. mgr. í gr. 2.a.** er svohljóðandi:

Vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra, sjá nánar reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum. Réttarsamband dagforeldris og foreldra er einkaréttarlegs eðlis. Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður eftirlit með starfsemi dagforeldra sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum.

Lagt er til að orðalag **1. mgr. í gr. 2.a.** verði svohljóðandi:

Vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra, sjá nánar reglugerð um daggæslu *barna* í heimahúsum. Réttarsamband dagforeldris og foreldra er einkaréttarlegs eðlis. Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður *umsjón og innra eftirlit* með starfsemi dagforeldra sbr. 35. gr. reglugerðar um daggæslu *barna* í heimahúsum.

Núgildandi lokamálsliður **2. mgr. í gr. 3.a.** er svohljóðandi:

Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík.

Lagt er til að lokamálsliður **2. mgr. í gr. 3.a.** verði svohljóðandi:

Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 80/2018, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík.

Núgildandi **8. mgr. í gr. 3.a.** er svohljóðandi:

Niðurgreitt er fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greidda hærrni niðurgreiðslu vegna hjúskaparstöðu eða náms, sjá grein 6.a. og 6.b. í reglum þessum. Niðurgreitt er þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum niðurgreiðslu er fullnægt.

Lagt er til að orðalag **8. mgr. í gr. 3.a.** verði svohljóðandi:

Niðurgreitt er fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, *miðað við afmælisdag barnsins*. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greidda hærrni niðurgreiðslu vegna hjúskaparstöðu eða náms, sjá grein 6.a. og 6.b. í reglum þessum. Niðurgreitt er þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum niðurgreiðslu er fullnægt.

Núgildandi **2. mgr. í gr. 3.b. gr.** er svohljóðandi:

Nýjum samningum um niðurgreiðslu ber að skila til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi dagforeldris eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar.

Lagt er til að orðalag **2. mgr. í gr. 3.b.** verði svohljóðandi:

Nýjum samningum um niðurgreiðslu ber að skila til *Miðstöðvar* Reykjavíkurborgar í hverfi dagforeldris eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar.

Núgildandi **1. mgr. í gr. 3.d.** gr. er svohljóðandi:

Það er skilyrði niðurgreiðslu að dagforeldri skili þjónustumiðstöð staðfestingarblaði dagforeldris eða skrái upplýsingar í upplýsingakerfið Völu eigi síðar en 15. dag mánaðar. Niðurgreiðsla verður greidd í næsta mánuði þar á eftir.

Lagt er til að **1. mgr. í gr. 3.d.** verði svohljóðandi:

Það er skilyrði niðurgreiðslu að dagforeldri skili *Miðstöð* staðfestingarblaði dagforeldris eða skrái upplýsingar í upplýsingakerfið Völu eigi síðar en 15. dag mánaðar. Niðurgreiðsla verður greidd í næsta mánuði þar á eftir.

Núgildandi **3. mgr. í gr. 3.d.** er svohljóðandi:

Skrá þarf upplýsingar vegna hærri niðurgreiðslu á staðfestingarblað eða í upplýsingakerfið Völu, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að hafa borist þjónustumiðstöð eða skóla- og frístundasviði eftir því sem við á.

Lagt er til að **3. mgr. í gr. 3.d.** verði svohljóðandi:

Skrá þarf upplýsingar vegna hærri niðurgreiðslu á staðfestingarblað eða í upplýsingakerfið Völu, s.s. vegna námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að hafa borist *Miðstöð* eða skóla- og frístundasviði eftir því sem við á.

Núgildandi **4. mgr. í gr. 3.d.** er svohljóðandi:

Fái dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda þannig að heildarfjöldi barna í daggæslu sé ekki umfram það sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Því er gerð krafa um að veittar séu upplýsingar um önnur börn í daggæslu.

Lagt er til að **4. mgr. í gr. 3.d** verði svohljóðandi:

Fái dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda þannig að heildarfjöldi barna í daggæslu sé ekki umfram það sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. *Gerð er krafa um að veittar séu upplýsingar um önnur börn í daggæslu enda skal dagforeldri skila Miðstöð mánaðarlega yfirliti yfir þau börn sem voru í gæslu í mánuðinum, til samræmis við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum.*

Til verður ný **gr. 3.e.** og verði hún svohljóðandi:

### **3.e. Gerð þjónustusamnings**

*Skóla- og frístundasviði er heimilt er að gera þjónustusamning við dagforeldra með lögheimili í Reykjavík sem reka þar daggæslu og sem það kjósa, að uppfylltum öllum skilyrðum. Fyrirmynd að þjónustusamningi er samþykkt með sama hætti og reglur þessar.*

*Í þjónustusamningi, skal að lágmarki fjalla um almenn skilyrði niðurgreiðslu, skilyrði um gæðaviðmið, styrki til dagforeldra og hámarks gjald foreldra.*

*Í þjónustusamningi skal koma fram að foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík eigi forgang að lausum plássum í daggæslunni.*

Núgildandi lokamálsliður **5. gr.** er svohljóðandi:

Eyðublaðinu ber að skila til þjónustumiðstöðvar eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en breyting á sér stað.

Lagt er til að lokamálsliður **5. gr.** verði svohljóðandi:

Eyðublaðinu ber að skila til Miðstöðvar eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en breyting á sér stað.

Nýgildandi yfirskrift **6. gr.** er svohljóðandi:

6. Fjárhæð niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að yfirskrift **6. gr.** verði svohljóðandi:

6. Fjárhæð niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs *og gjald foreldra*

Til verður ný **2. og 3. mgr. í 6. gr.** og verði hún svohljóðandi:

Þegar barn nær 18 mánaða aldri greiða foreldrar að hámarki sama gjald til dagforeldris og ef barnið væri í leikskóla Reykjavíkurborgar. Gjald foreldra getur þó verið hærri ef veitt er umframbjónusta sem ekki er innifalin í dvalargjaldi (gjald vegna vistunar og fæðis) vegna vistunarinnar. Hér er átt við umframbjónustu eins og bleyjur og sérfæði. Umframbjónusta er ekki niðurgreidd af hálfu skóla- og frístundasviðs.

Ekki er gerð krafa um hámarksgjald sem foreldrar greiða fyrir þjónustuna fyrir börn yngri en 18 mánaða.

Núgildandi **2. mgr. í 6. gr.** er svohljóðandi:

Fjárhæð niðurgreiðslu og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

Lagt er til að **2. mgr. í 6. gr.** sem verður að **4. mgr. 6. gr.** verði svohljóðandi:

*Fjárhæð niðurgreiðslu, og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda og hámarksgjald foreldra vegna barna 18 mánaða og eldri fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara. Það sama gildir um niðurgreiðslu daggæslu vegna barna hjá dagforeldrum utan Reykjavíkur en ekki er gerður þjónustusamningur við dagforeldra utan Reykjavíkur.*

Núgildandi **5. mgr. í 6. gr.** er svohljóðandi:

Hærri niðurgreiðsla skv. reglum um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum er veitt, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn hjá dagforeldri.

Lagt er til að **5. mgr. í 6. gr.** sem verður að **7. mgr.** verði svohljóðandi:

Hærri niðurgreiðsla skv. reglum um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum er veitt, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn hjá dagforeldri.

Núgildandi liður **1 í gr. 6.b**, er svohljóðandi:

Hærri niðurgreiðsla er greidd til dagforeldris vegna barna einstæðra foreldra sem skráðir eru einstæðir í Þjóðskrá, þ.e. barn þarf að vera skráð á sama fjölskyldunúmer og lögheimili og umsækjandi um hærri niðurgreiðslu.

Lagt er til að liður **1 í gr. 6.b** verði svohljóðandi:

Hærri niðurgreiðsla er greidd til dagforeldris vegna barna einstæðra foreldra sem skráðir eru einstæðir í Þjóðskrá, þ.e. barn þarf að vera með *sömu lögheimilistengsl* og lögheimili og umsækjandi um hærri niðurgreiðslu.

Núgildandi **2. mgr. í gr. 6.c.** er svohljóðandi:

Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.

Lagt er til að **2. mgr. í gr. 6.c.** verði svohljóðandi:

Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum *Mínar síður á vef Reykjavíkurborgar*.

Í tilvísun neðanmáls kemur fram: *Unnið er að breytingum á Mínum síðum svo þetta verði tækt. Fram að því er umsókn skrifleg.*

Núgildandi **8. mgr. í gr. 6.e.** er svohljóðandi:

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í vistun hjá dagforeldri fá greidda hærri niðurgreiðslu, enda uppfylli starfsmaður skilyrði hærri niðurgreiðslu til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar og sækir um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði. Fjárhæð niðurgreiðslunnar er mismunur á gjaldaflokki I og II á niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Starfsmaður skal að lágmarki einu sinni á ári skila dvalarsamningi barnsins og greiðslukvittunum vegna daggæslugjalda. Hærri niðurgreiðsla gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Lagt er til að **8. mgr. í gr. 6.e** verði svohljóðandi:

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í vistun hjá dagforeldri fá greidda hærri niðurgreiðslu, enda uppfylli starfsmaður skilyrði hærri niðurgreiðslu til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar og sækir um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði. Fjárhæð niðurgreiðslunnar er mismunur á gjaldaflokki I og II á niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Starfsmaður skilar dvalarsamningi barnsins og greiðslukvittunum *mánaðarlega* vegna daggæslugjalda *til skóla- og frístundasviðs*. Hærri niðurgreiðsla gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Felld er út tilvísun neðanmáls með dagsetningu gildistöku.

Núgildandi **2. mgr. og 3 mgr. í 7. gr.** eru svohljóðandi:

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu vegna námskeiðsdags einn dag á ári og einnig vegna tilfallandi veikinda eða sérstakra skammvinnra forfalla án þess að niðurgreiðsla skerðist. Sama gildir óski dagforeldri, í fullri samvinnu við foreldra, að taka allt að fimm daga frí á ári. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar niðurgreiðsla hlutfallslega.

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu á fjögurra ára fresti, sem samsvarar einum degi, á meðan það sækir námskeið í slysavörnum sem lið í endurnýjun starfsleyfis.

Lagt er til að **2. mgr. 7. gr.** verði svohljóðandi:



Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu vegna námskeiðsdags þrjá daga á ári, er einn af þessum dögum skipulagður af SFS, námskeiðsdagur dagforeldra. Annað hvert ár mun SFS standa fyrir námskeiði í slysavörnum og eldvörnum. Dagforeldrum er einnig heimilt að loka daggæslunni vegna tilfallandi veikinda eða sérstakra skammvinnra forfalla án þess að niðurgreiðsla skerðist. Sama gildir óski dagforeldri, í fullri samvinnu við foreldra, að taka allt að fimm daga frí á ári. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar niðurgreiðsla hlutfallslega.

**3. mgr. 7. gr.** fellur út.

Núgildandi **2. mgr. í 10. gr.** er svohljóðandi:

Dagforeldri ber að skila eyðublaði með uppsögn á niðurgreiðslu til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar eða skrá upplýsingar um uppsögn á niðurgreiðslu í upplýsingakerfið Völu þegar uppsögn á sér stað til að unnt sé að vista barn í aðra vistun en einnig til að tryggj sé að ekki verði niðurgreitt vegna barns eftir að uppsagnarfrestur er liðinn, sbr. framangreinda fresti. Foreldrar geta kynnt sér hvort dagforeldri hafi skilað uppsögn á samningi um niðurgreiðslu í Rafræna Reykjavík.

Lagt er til að **2. mgr. 10. gr.** verði svohljóðandi:

Dagforeldri ber að skila eyðublaði með uppsögn á niðurgreiðslu til *Miðstöðvar* Reykjavíkurborgar eða skrá upplýsingar um uppsögn á niðurgreiðslu í upplýsingakerfið Völu þegar uppsögn á sér stað til að unnt sé að vista barn í aðra vistun en einnig til að tryggj sé að ekki verði niðurgreitt vegna barns eftir að uppsagnarfrestur er liðinn, sbr. framangreinda fresti. Foreldrar geta kynnt sér hvort dagforeldri hafi skilað uppsögn á samningi hjá *Suðurmiðstöð*.

Núgildandi **4. mgr. 10. gr.** er svohljóðandi:

Einungis er niðurgreitt með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri.

Lagt er til að **4. mgr. 10. gr.** verði svohljóðandi:

Einungis er niðurgreitt með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri *nema þjónustusamningur kveði á um annað*.

Núgildandi fyrirsögn **11. gr.** er svohljóðandi:

11. Eftirlit með niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að orðalag fyrirsagnar í **11. gr.** verði svohljóðandi:

11. Eftirlit með niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs *og vinnsla persónuupplýsinga*

Til verður ný 2. mgr. 11. gr. og verði hún svohljóðandi:

[Hér má nálgast fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í tengslum við eftirlit með starfsemi dagforeldra og niðurgreiðslur til þeirra.](#)

Jafnframt verði samþykkt meðfylgjandi fyrirmynd að þjónustusamningi við dagforeldra í Reykjavík sem uppfylla skilyrði sem sett eru.

Reglur um niðurgreiðslu vegna barna í daggæslu með framangreindum breytingum taka gildi frá 1. janúar 2024. Það sama gildir um fyrirmynd að þjónustusamningi.

## Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 15. júní 2023 voru samþykktar tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála. Unnið hefur verið að útfærslu tillagnanna en gera þarf breytingar á reglum um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum, útbúa þjónustusamning og breyta reglum um stofnstyrki til dagforeldra. Auk þess útfæra nýja gjaldskrá vegna niðurgreiðslna til dagforeldra.

### *Breyting varðandi hámarksgjald foreldra barna eldri en 18 mánaða*

Ein af tillögunum sem samþykktar voru í borgarráði kveður á um að gjald dagforeldra vegna barna 18 mánaða og eldri megi aldrei vera hærra en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar.

Í framangreindum tillögum og meðfylgjandi drögum að breytingum á reglum um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum er lagt til að útfærslan verði með þeim hætti að gjald foreldra geti þó verið hærra ef veitt er umframbjónusta sem ekki er innifalin í dvalargjaldi (gjald vegna vistunar og fæðis) vegna vistunarinnar. Hér er átt við umframbjónustu eins og bleyjur og sérfæði. Umframbjónusta er ekki niðurgreidd.

Ekki er þak á gjaldi sem foreldrar greiða fyrir þjónustuna fyrir börn yngri en 18 mánaða. Þegar barn nær 18 mánaða aldri er gert ráð fyrir að foreldrar greiði til dagforeldris að hámarki sama gjald og í leikskóla Reykjavíkurborgar. Í tillögunni frá júní 2023 var miðað við 31.157 kr. sem er leikskólagjald fyrir 8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla til dagforeldri hækkar í 158.843 kr. pr. barn. Þetta leiðir til þess að dagforeldrar fá 190 þús. kr. pr. mánuð fyrir hvert barn með lögheimili í Reykjavík sem er 18 mánaða og eldra sem er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra.

Fjárhæð niðurgreiðslu, hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda og hámarksgjald foreldra vegna barna 18 mánaða og eldri fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

Á Íslandi er leikskólastigið skilgreint sem sjálfstætt skólastig og hefur leikskólinn á sl. árum fengið aukið vægi sem uppeldis- og menntastofnun. Fyrir liggur að samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber Reykjavíkurborg sem sveitarfélag ábyrgð á starfsemi leikskóla og ber að hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahlads í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, skólapijónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahlald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess. Í þessari skyldu er þó ekki talin felast skylda til að veita öllum þeim sem þess æskja leikskólavist.

Samkvæmt 27. gr. laga um leikskóla er sveitarstjórnnum heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Gjaldtaka fyrir hvert barn má þó ekki nema hærra fjárhæð en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til leikskóla sem fengið hafa rekstrarleyfi skv. 25. gr. nema kveðið sé á um slíkt í þjónustusamningi sem sveitarfélag gerir við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi skv. 25. gr. Á grundvelli framangreinds er sjálfstætt starfandi leikskólum með þjónustusamning settar tilteknar skorður á gjald foreldra.

Samkvæmt 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 hafa sveitarfélög umsjón með daggæslu barna í heimahúsum og rekstri gæsluvalla fyrir börn. Þá er sveitarstjórn heimilt að greiða niður kostnað við daggæslu í heimahúsum og skal sveitarstjórn þá setja reglur þar um, sjá 42. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Hvort sem um er að ræða leikskóla eða daggæslu er um að ræða mikilvæga þjónustu sem er forsenda þess að íbúar geti stundað atvinnu og sinnt öðrum þörfum. Markmið hámarksgjalds foreldra er að lágmarka útgjöld foreldra og tryggja þeim eftir því sem kostur er gjald sambærilegt því sem gengur og gerist í leikskólum. Með því móti fái foreldrar ávinning af hækkun niðurgreiðslu við 18 mánaða aldurs barns en horft er til þess að reglur um leikskólaþjónustu gera ráð fyrir að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust.

### *Gerð þjónustusamnings*

Ein af tillögnum sem samþykktar voru í borgarráði kveður á um heimilt verði að gera þjónustusamninga við dagforeldra sem kveða á um niðurgreiðslur vegna barna í daggæslu með lögheimili í Reykjavík. Hér er lagt til að heimilt verði að gera þjónustusamninga en engu að síður verði það valkvætt. Ekki er gerður þjónustusamningur við dagforeldra utan Reykjavíkur en niðurgreiðslan verður sú sama og sama hámarksgjald gildir fyrir foreldra barna 18 mánaða og eldri.

Í þjónustusamningi er meðal annars fjallað um eftirtalin atriði:

- Almenn skilyrði niðurgreiðslu
- Forgang barna með lögheimili í Reykjavík
- Gæðaviðmið daggæslu
- Stofnstyrk nýrra dagforeldra sem nú á að vera kr. 1.000.000.- greitt í tvennu lagi samkvæmt reglum þar að lútandi. Lagt verður til að dagforeldrar sem fengið hafa leyfi frá 1. september 2023 geti sótt um stofnstyrk.
- Aðstöðustyrk sem greiddur er fyrst við undirritun þjónustusamnings ef dagforeldri er ekki að fá stofnstyrk að því gefnu að dagforeldri hafi starfað í 24 mánuði. Síðan árlega þann 1. október. Nýir dagforeldrar fá í fyrsta sinn eftir 24 mánuði í starfi frá undirritun þjónustusamnings.
- Hámarksgjald foreldra barna með lögheimili í Reykjavík vegna barna 18 mánaða og eldri.
- Ef barn með lögheimili í Reykjavík hættir hjá dagforeldri eftir 1. maí, til að hefja dvöl í leikskóla Reykjavíkurborgar, fá dagforeldrar niðurgreiðslu frá Reykjavíkurborg út júní mánuð ef ekki vistast annað barn í staðinn hjá dagforeldrinu. Skilyrði fyrir greiðslu er að barnið hafi verið í vistun hjá dagforeldrinu frá 1. janúar sama ár.
- Símenntun dagforeldra og fjölgun daga sem heimilt er að taka í leyfi vegna símenntunar. Um er að ræða þrjá daga árlega. Í dag er þetta einn dagur.
- Framlag Reykjavíkurborgar vegna námskeiðsgjalds á grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra samsvarar helmingi námskeiðsgjalds.
- Greitt er fyrir neyðarhnapp.
- Könnun á samstarfi við leikskóla vegna útileiksvæðis.

### *Breyting varðandi leyfisveitingar og eftirlit*

Gerð hefur verið sú lagabreyting að í stað þess að sveitarfélögin gefi út leyfi til daggæslu í sveitarfélaginu hefur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála verið falið verkefnið, sjá 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 með síðari breytingum. Þess í stað skal félagsmálanefnd taka saman umsögn nefndarinnar um viðkomandi umsókn. Óskað hefur verið eftir við forsætisnefnd að breyting verði gerð á samþykkt Reykjavíkurborgar um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í þessa veruna. Um eftirlit með starfsemi dagforeldra er vísað til framangreindrar reglugerðar.

### *Breyting varðandi Miðstöðvar:*

Þann 1. janúar 2022 var Þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar fækkað í fjórar sem hluti af verkefninu Betri borg fyrir börn. Var nafni þjónustumiðstöðvanna þeirra breytt í Miðstöð með tilvísun til staðsetningar að auki.

#### *Breyting varðandi vefsíðu:*

Lagt er til að í stað þess að vísa til vefsíðunnar skolarogfristund.is sem er ekki lengur virk verði vísað til heimasíðu Reykjavíkurborgar; reykjavik.is.

#### *Breyting varðandi fjölskyldunúmer*

Með lögum nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga var hugtakinu fjölskyldunúmer breytt í lögheimilistengsl. Samkvæmt lögnum er lögheimilistengsl skilgreint sem auðkennisnúmer fyrir þá einingu í þjóðskrá sem tilgreinir sameiginlegt lögheimili ákveðins hóps einstaklinga.

#### *Umsögn félaga dagforeldra*

Búið er að halda tvo fundi með fulltrúum Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík og Barnavistun, þar sem farið var yfir samþykktar tillögur Reykjavíkurborgar að úrræðum vegna dagforeldramála og farið yfir drög að frekari útfærslum.

Meðfylgjandi er umsögn félaga dagforeldra Barnavistunar og Barnsins sem barst þann 28. nóvember 2023.

#### *Gildistaka*

Lagt er til að breytingar verði ótímabundnar og taki gildi 1. janúar 2024 en engu að síður verði fyrirkomulagið tekið til endurskoðunar að nýju eigi síðar en 1. mars 2025 í samráði við félög dagforeldra. Reynslan verði metin og tekin ákvörðun um hvort tilefni er til að gera breytingar.

Gildistími þjónustusamninga verði að hámarki til þriggja ára að því gefnu að dagforeldri hafi leyfi til daggæslu til þess tíma. Nái leyfi til styttri tíma er gildistíminn til þess tíma.

Gerður er sá fyrirvari að ekki er búið að gera nauðsynlegar breytingar á Völu kerfinu þannig að tekið sé tillit til nýrrar gjaldskrár. Vegna þessa má gera ráð fyrir að greiðslur til dagforeldra verði þann 1. janúar 2024 til samræmis við núgildandi niðurgreiðslureglur og gjaldskrá en að leiðrétting fari fram síðar.

#### **Fjárhagsleg áhrif**

Í tillögum sem voru samþykktar í borgarráði 15. júní sl. var miðað við fjölgun um 40 nýja dagforeldra í útreikningum á fjárhagslegum áhrifum við stofnstyrki, aðstöðustyrki og vegna hærri niðurgreiðslu vegna barna sem eru 18 mánaða og eldri. Ljóst er að nýliðun dagforeldra hefur gengið hægar en vonast var til og má í því samhengi nefna að eitt nýtt dagforeldri tók til starfa á árinu 2023. Gert er ráð fyrir að 4 nýir dagforeldrar taki til starfa í janúar 2024. Starfandi dagforeldrar miðað við 1. desember 2023 eru 74. Það má því gera ráð fyrir að dagforeldrar verði um 80 í byrjun árs 2024 og því eru fjárhagsleg áhrif töluvert minni en þessari niðurstöður gefa til kynna.

Nánari upplýsingar um framlögð gögn í borgarráði þann 15. júní 2023 [má sjá hér](#). Þar er meðal gagna umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. júní 2023.

Gert er ráð fyrir að breytingar á gjaldskrá vegna niðurgreiðslu til dagforeldra verði samþykkt sérstaklega í borgarráði og þar verði getið um fjárhagsleg áhrif breytingar á gjaldskrá og hvort óska þurfi eftir viðauka við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs. Það sama gildir um breytingar vegna stofn- og aðstöðustyrkja.





## Reglur um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum

### Gildissvið

Reglur þessar gilda um niðurgreiðslur og þjónustusamning skóla- og frístundasviðs við til dagforeldra vegna daggæslu reykviskra barna í heimahúsum með lögheimili í Reykjavík. í heimahúsum. Niðurgreiðsla er greidd til dagforeldra til lækkunar daggæslugjöldum foreldra á grundvelli niðurgreiðslusamnings og þjónustusamnings hafi hann verið gerður. Niðurgreiðslan fylgir barninu og gera dagforeldri og foreldrar samning um að niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs fari til dagforeldris að nánari skilyrðum uppfylltum. Í ákveðnum tilfellum geta foreldrar sótt um hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldris hjá skóla- og frístundasviði. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérlaga eftir því sem við á.

### 1. Reglur og upplýsingar um dagforeldra

#### 1.a. Starfsleyfi dagforeldra, eftirlit og reglur sem dagforeldrum ber að fara eftir

Dagforeldrar starfa sjálfstætt en Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar veitir dagforeldrum starfsleyfi auk þess sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur veitir starfsleyfi ef 6 -10 börn eru í vistun hjá tveim dagforeldrum. Leyfi til daggæslu gefin út af Reykjavíkurborg fyrir 1. janúar 2022 gilda til loka gildistíma leyfanna. Forsenda niðurgreiðslu er að dagforeldri hafi framangreind leyfi. Skóla- og frístundasviðs- og ber ábyrgð á því að höfð sé sinnir lögbundinnu umsjón og innra eftirliti með starfsemi dagforeldra þeirra í Reykjavík, sbr. reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum og samþykktir Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar um leyfisveitingar, umsjón og innra eftirlit með dagforeldrum má sjá í 35. gr. framangreindriar reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum, og í bæklingi skóla- og frístundasviðs um daggæslu í heimahúsum.

Dagforeldri er fær niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs vegna daggæslu ber að fara eftir reglum þessum. Dagforeldri ber að kynna foreldrum barna í daggæslu reglur þessar og ber dagforeldri að kanna hvort skilyrðum niðurgreiðslu sé fullnægt.

Starfsleyfi dagforeldris kveður á um hámarksfjölda barna í daggæslu. Ekki er niðurgreitt með fleiri börnum en þar er kveðið á um. Fáir dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með, fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda, þannig að barnafjöldi í daggæslu sé

## DRÖG

ekki umfram þann fjölda sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Ekki er greitt framlag með börnum dagforeldra, nema viðkomandi hafi einnig önnur börn í daggæslu. [Eingöngu er greitt framlag vegna sama fjölda stunda sem tvö eða fleiri börn eru skráð í daggæsluna](#). Komi upp sú staða að önnur börn hætta í daggæslunni hefur dagforeldri þó einn mánuð frá 1. eða 15. hvers mánaðar til að taka inn önnur börn áður en niðurgreiðsla, vegna eigin barna, er felld niður.

### 1.b. Upplýsingar um dagforeldra [og ráðgjöf](#)

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs [www.https://reykjavik.is/-skolarogfristund.is](http://www.https://reykjavik.is/-skolarogfristund.is) er listi yfir starfandi dagforeldra í Reykjavík. [Suðurmiðstöð Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur](#) eru einnig með lista yfir dagforeldra í hverju hverfi og veitir daggæsluráðgjafi auk þess allar nánari upplýsingar um starfsemi og vinnutíma dagforeldra og laus pláss.

Daggæsluráðgjafar á [ÞjónustuSuðurmiðstöðvum](#) Reykjavíkur veita dagforeldrum og foreldrum ráðgjöf.

## 2. Að velja dagforeldri og bið eftir leikskólaplássi

### 2.a Val foreldra á dagforeldri

Vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra, sjá nánar reglugerð [nr. 907/2005](#) um daggæslu [barna](#) í heimahúsum. Réttarsamband dagforeldris og foreldra er einkaréttarlegs eðlis. Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður [umsjón og innra](#) eftirlit með starfsemi dagforeldra sbr. 35. gr. reglugerðar [nr. 907/2005](#) um daggæslu [barna](#) í heimahúsum.

Í kjölfar ákvörðunar foreldris um dvöl barns hjá dagforeldri undirrita dagforeldri og foreldrar samning um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs—, sjá nánar í gr. 3.b. og einnig dvalarsamning. Gerð dvalarsamnings dagforeldris og foreldra fer samkvæmt samkomulagi aðilanna og er án aðkomu skóla- og frístundasviðs-.

Foreldrar er njóta lækkunar daggæslugjalda vegna niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs skulu lúta reglum þessum.

### 2.b. Tilkynning um leikskólapláss

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að upplýsa dagforeldri með rafrænum hætti um að barn í daggæslu hafi fengið úthlutað pláss á leikskóla Reykjavíkurborgar. Tilkynningin er eingöngu til upplýsinga fyrir dagforeldri. Segja ber upp samningi um niðurgreiðslu með formlegum hætti, sjá 10. gr. regnanna. Uppsögn dvalarsamnings foreldra og dagforeldra er samkvæmt ákvörðun þeirra þar um.

## 3. Skilyrði niðurgreiðslu til dagforeldris vegna daggæslu

### 3.a. Skilyrði um aldur, lögheimili barns og fasta búsetu og undanþága frá skilyrði um lögheimili í Reykjavík

## DRÖG

Skilyrði niðurgreiðslu til lækkunar daggæslugjalda er að skráð lögheimili barns í þjóðskrá og föst búseta þess sé í Reykjavík.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta fengið niðurgreidda daggæslu í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. ~~8021/1999~~ [2018](#), og að gera megri ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram skráningarskírteini frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Niðurgreitt er fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, [miðað við afmælisdag barnsins](#). Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greidda hærrí niðurgreiðslu vegna hjúskaparstöðu eða náms, sjá grein 6.a. og 6.b. í reglum þessum. Niðurgreitt er þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum niðurgreiðslu er fullnægt.

Þegar barn hefur nám í grunnskóla fellur niður réttur til niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs.

### **3.b. Skilyrði um samning milli dagforeldris og foreldra um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs**

Það er skilyrði fyrir niðurgreiðslu að dagforeldri og foreldrar undirriti samning um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs vegna dvalar barns hjá dagforeldri. Fyllt skal í alla reiti sammingsins og foreldrum afhent eintak af honum. Þegar barn hættir í daggæslu ber að fylla út viðeigandi eyðublað um uppsögn á samningi um niðurgreiðslu, sjá nánar 10. grein reglnanna. Það sama gildir um breytingar á samningi um niðurgreiðslu, sjá nánar 5. gr. reglnanna.

Nýjum samningum um niðurgreiðslu ber að skila til [þjónustu](#) [M](#)miðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi dagforeldris eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar.



### 3.c. Skilyrði um auglýstan opnunartíma

Ekki er greitt fyrir fjölda dvalarstunda umfram auglýstan fjölda dvalarstunda dagforeldris á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

### 3.d. Skilyrði um staðfestingarblað dagforeldris

Það er skilyrði niðurgreiðslu að dagforeldri skili [þjónustumMiðstöð](#) staðfestingarblaði dagforeldris eða skrái upplýsingar í upplýsingakerfið Völu eigi síðar en 15. dag mánaðar. Niðurgreiðsla verður greidd í næsta mánuði þar á eftir.

Greitt er í samræmi við upplýsingar sem fram koma á staðfestingarblaði eða upplýsingar í leikskólakerfinu Völu, þar sem dagforeldri skráir upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um niðurgreiðslu. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, fasta búsetu, tímabil vistunar barns í viðkomandi mánuði og fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi. Sérstaklega skal taka fram ef breytingar verða frá fyrra mánuði, s.s. ef nýtt barn byrjar, barn hættir eða fjölda dvalarstunda er breytt.

Skrá þarf upplýsingar vegna hærri niðurgreiðslu á staðfestingarblað eða í upplýsingakerfið Völu, s.s. vegna [systkina](#), námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að hafa borist þjónustumiðstöð eða skóla- og frístundasviði eftir því sem við á.

Fái dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda þannig að heildarfjöldi barna í daggæslu sé ekki umfram það sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. [Því er gGerð er](#) krafa um að veittar séu upplýsingar um önnur börn í daggæslu [enda skal dagforeldri skila Mmiðstöð mánaðarlega yfirliti yfir þau börn sem voru í gæslu í mánuðinum, til samræmis við reglugerð um daggæslu barna í heimhúsum.](#)

### 3.e. Gerð þjónustusamnings

[Skóla- og frístundasviði er heimilt er að gera þjónustusamning við dagforeldra með lögheimili í Reykjavík sem reka þar daggæslu og sem það kjósa, að uppfylltum öllum skilyrðum. Fyrirmynd að þjónustusamningi er samþykkt með sama hætti og reglur þessar.](#)

[Í þjónustusamningi, skal að lágmarki fjalla um almenn skilyrði niðurgreiðslu, skilyrði um gæðaviðmið, styrki til dagforeldra og hámarks gjald foreldra.](#)

[Í þjónustusamningi skal koma fram að foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík eigi forgang að lausum plássum í daggæslunni.](#)

## 4. Niðurgreiðsla

Niðurgreitt er mánaðarlega. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð, fyrsta virkan dag í hverjum mánuði. Ef upplýsingum er skilað eftir 15. dag mánaðarins getur það leitt til þess að ekki sé unnt að greiða fyrirfram vegna næsta mánaðar á eftir.

## 5. Breytingar á vistunartíma barns

Ef breyting verður á vistunartíma barns ber dagforeldri og foreldrum að fylla út þar til gert eyðublað. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vegna breytinga er einn mánuður og skal breyting miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Eyðublaðinu ber að skila til [þjónustumMiðstöðvar](#) eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en breyting á sér stað.

## 6. Fjárhæð niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs [og gjald foreldra](#)

## DRÖG

Skóla- og frístundasvið greiðir hluta af kostnaði við vistun barna í hlutfalli við þann tíma sem þau dvelja hjá dagforeldri.

Þegar barn nær 18 mánaða aldri greiða foreldrar að hámarki sama gjald til dagforeldris og ef barnið væri í leikskóla Reykjavíkurborgar. Gjald foreldra getur þó verið hærri ef veitt er umframbjónusta sem ekki er innifalin í dvalargjaldi (gjald vegna vistunar og fæðis) vegna vistunarinnar. Hér er átt við umframbjónustu eins og bleyjur og sérfaði. Umframbjónusta er ekki niðurgreidd af hálfu skóla- og frístundasviðs.

Ekki er gerð krafa um hámarksgjald sem foreldrar greiða fyrir þjónustuna fyrir börn yngri en 18 mánaða.

Fjárhæð niðurgreiðslu og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda og hámarksgjald foreldra vegna barna 18 mánaða og eldri fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara. Það sama gildir um niðurgreiðslu daggæslu vegna barna hjá dagforeldrum utan Reykjavíkur en ekki er gerður þjónustusamningur við dagforeldra utan Reykjavíkur.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda skal vera í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun og dvalarsamning foreldra við dagforeldri.

Foreldrar geta sótt um hærri niðurgreiðslu til skóla- og frístundasviðs sjá nánar gr. 6.a., 6.b., 6.c., og 6.e. Ef hærri niðurgreiðsla er veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga foreldra er hægt að endurkrefja þá um ofgreidda niðurgreiðslu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Hærri niðurgreiðsla skv. reglum um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum er veitt, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl fjölskyldunúmer og barn hjá dagforeldri.

Hærri niðurgreiðsla samkvæmt þessum reglum er ekki veitt afturvirkir og miðast það við þann dag sem gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta niðurgreiðslu einn mánuð afturvirkir ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um hærri niðurgreiðslu og öllum skilyrðum hærri niðurgreiðslu var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting niðurgreiðslna kemur til frádráttar niðurgreiðslu næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Hærri niðurgreiðsla fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði hærri niðurgreiðslu.

Ef veitt hefur verið hærri niðurgreiðsla á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga sem stafa frá dagforeldri er hægt að endurkrefja dagforeldri samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Það sama á við vegna ofgreiðslu sem verður vegna breytinga sem ekki voru fyrirséðar þegar niðurgreitt var vegna viðkomandi mánaðar.

### **6.a Hærri niðurgreiðsla vegna barna námsmanna**

**Hærri niðurgreiðsla er greidd vegna barna hjóna og sambúðarfólks sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:**

- Eru í háskólanámi og skráð í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- Eru í framhaldsskóla og uppfylla lánshæfniskröfur LÍN. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

## DRÖG

- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.

Sé skólavottorði ekki skilað með umsókn þarf það að hafa borist innan 14 daga frá því umsókn er lögð fram. Að öðrum kosti fellur umsóknin niður.

Skila skal skólavottorðum fyrirfram fyrir hverja önn þar sem koma fram upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem er lánshæft hjá LÍN.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa hærri niðurgreiðslu vegna náms, barn, geta þau sótt um að fá hærri niðurgreiðslu vegna náms á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði um hærri niðurgreiðslu vegna náms sé í fæðingarorlofi.

**Hærri niðurgreiðsla er greidd frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

### 6.b. Hærri niðurgreiðsla vegna barna einstæðra foreldra

Aukin niðurgreiðsla er veitt einstæðum lögheimilisforeldrum að fenginni umsókn. Umsókn skal send í gegnum Rafræna Reykjavík og skal endurnýjuð fyrir 15. ágúst ár hvert.

- 1) Hærri niðurgreiðsla er greidd til dagforeldris vegna barna einstæðra foreldra sem skráðir eru einstæðir í Þjóðskrá, þ.e. barn þarf að vera [með skráð á sömu lögheimilistengsl fjölskyldunúmer](#) og lögheimili og umsækjandi um hærri niðurgreiðslu.
- 2) Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að foreldri undirriti staðfestingu þess efnis.
- 3) Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er greidd hærri niðurgreiðsla frá þeim degi sem upplýsingar eru skráðar í Þjóðskrá.

**Hærri niðurgreiðsla er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í Þjóðskrá sem einstætt foreldri.

Það er skilyrði að foreldri sækji um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði og afhendi [þjónustuMiðstöð](#) og Þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir niðurgreiðslu afturvirk frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.

### 6.c. Hærri niðurgreiðsla vegna örorku foreldra

Foreldri sem er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fær afslátt af námsgjaldi.

## DRÖG

- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum [Mínar síður á vef Reykjavíkurborgar<sup>1</sup>](#). [Rafræna Reykjavík](#).
- Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins á tímabili endurhæfingar.

**Hærrí niðurgreiðsla er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærrí niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

### 6.d. Hærrí niðurgreiðsla vegna systkina

Ef systkini eru hjá dagforeldri greiðist viðbótargreiðsla skv. ákvörðun borgarráðs. Fjárhæðin er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti yfir niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

### 6.e. Hærrí niðurgreiðsla til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar

Hærrí niðurgreiðslu fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- 1) Sækja um hærrí niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði.
- 2) Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá hærrí niðurgreiðslu fyrir barn í heilsdagsvistun.
- 3) Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá hærrí niðurgreiðslu fyrir barn í hálf dagsvistun.
- 4) Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar.

**Hærrí niðurgreiðsla er greidd frá því að umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærrí niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Hærrí niðurgreiðsla fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Hærrí niðurgreiðsla fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalaus leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um afslátt að nýju.<sup>2</sup>

Starfsmanni ber einnig að tilkynna skóla- og frístundasviði ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á niðurgreiðslu til daggæslu.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í vistun hjá dagforeldri fá greidda hærrí niðurgreiðslu, enda uppfylli starfsmaður skilyrði hærrí niðurgreiðslu til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar og sækir um hærrí niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði. Fjárhæð niðurgreiðslunnar er mismunur á gjaldaflokki I og II á niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Starfsmaður ~~skal að lágmarki einu sinni á ári skilar~~

<sup>1</sup> [Unnið er að breytingum á Mínum síðum svo þetta verði tækt. Fram að því er umsókn skrifleg.](#)

<sup>2</sup> Reglan um hærrí niðurgreiðslu starfsmanns í launalaus leyfi á grundvelli ákvæðisins tekur gildi 12.01.2015.

## DRÖG

dvalarsamningi barnsins og greiðslukvittunum [mánaðarlega](#) vegna daggæslugjalda [til skóla- og frístundasviðs](#). Hærrí niðurgreiðsla gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærrí niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.<sup>3</sup>

Hafi starfsmaður fengið hærrí niðurgreiðslu vegna barns hjá dagforeldri þegar ekki var réttur til hærrí niðurgreiðslu áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu ofgreiddrar niðurgreiðslu afturvirk.

### 7. Niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs og lokun daggæslu

Dagforeldrum er greidd niðurgreiðsla vegna dvalar barna með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík mánaðarlega í 11 mánuði á ári að hámarki. Ekki er niðurgreitt í júlí mánuði. Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í einn mánuð.

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu vegna námskeiðsdags ~~þrjú~~ ~~einn~~ daga á ári, ár hvert er einn af þessum dögum skipulagður af SFS, námskeiðsdagur dagforeldra. Annað hvert ár mun SFS standa fyrir námskeiði í slysavörnum og eldvörnum. Dagforeldrum er ~~ög~~ einnig heimilt að loka daggæslunni vegna tilfallandi veikinda eða sérstakra skammvinnra forfalla án þess að niðurgreiðsla skerðist. Sama gildir óski dagforeldri, í fullri samvinnu við foreldra, að taka allt að fimm daga frí á ári. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar niðurgreiðsla hlutfallslega.

~~Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu á fjögurra ára fresti, sem samsvarar einum degi, á meðan það sækir námskeið í slysavörnum sem lið í endurnýjun starfsleyfis.~~

Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og þjónustumiðstöð um lokun umfram framangreinda daga eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar niðurgreiðslu komi í þeim mánuði er umframlokun á sér stað.

### 8. Leiðrétting niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs að beiðni dagforeldris

Niðurgreiðsla verður ekki greidd lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur niðurgreitt fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður niðurgreiðsla lækkuð um sömu fjárhæð.

Ef dagforeldri verður vart við mistök í niðurgreiðslu ber því að tilkynna skóla- og frístundasviði það án tafar.

### 9. Ofgreidd niðurgreiðsla

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt niðurgreiðslu af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga frá dagforeldri, mun skóla- og frístundasvið lækka niðurgreiðslu til dagforeldris við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sé hætt í daggæslu. Ef ekki reynist unnt að skuldajafna fer krafan í innheimtu sem hefur í för með sér vaxta- og innheimtukostnað. Dagforeldri getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt niður á þrjú mánuði.

<sup>3</sup> [Tekur gildi 15. mars 2013.](#)

## 10. Uppsögn

Dagforeldri og foreldrum ber að segja upp samningi um niðurgreiðslu vegna daggæslu barns á þar til gerðu eyðublaði. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Fyllt skal í alla reiti eyðublaðsins. Segi foreldrar upp samningi um niðurgreiðslu fyrir t.d. 15. dag mánaðarins getur greiðsla með barni hafist á nýjum stað 15. dag næsta mánaðar á eftir.

Dagforeldri ber að skila eyðublaði með uppsögn á niðurgreiðslu til [þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar](#) eða skrá upplýsingar um uppsögn á niðurgreiðslu í upplýsingakerfið Völu þegar uppsögn á sér stað til að unnt sé að vista barn í aðra vistun en einnig til að tryggj sé að ekki verði niðurgreitt vegna barns eftir að uppsagnarfrestur er liðinn, sbr. framangreinda fresti. Foreldrar geta kynnt sér hvort dagforeldri hafi skilað uppsögn á samningi [hjá Suðurmiðstöð. um niðurgreiðslu í Rafrænu Reykjavík.](#)

Uppsögn dvalarsamnings dagforeldris og foreldra sætir sjálfstæðri uppsögn í samræmi við ákvæði viðkomandi dvalarsamnings.

Einungis er niðurgreitt með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri [nema þjónustusamningur kveði á um annað.](#)

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur hjá dagforeldri sé virtur því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrir en að uppsagnarfresti liðnum.

Fyrsti mánuður barns hjá dagforeldri er reynslumánuður foreldra og dagforeldris. Ákveði foreldrar eða dagforeldri að barn hætti daggæslu innan fyrsta mánaðarins er fyrirvaralaus uppsögn heimil. Dagforeldri á rétt á niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs fyrir þennan mánuð. Hefji barn daggæslu hjá öðru dagforeldri innan sama mánaðar verður sú dvöl ekki niðurgreidd af hálfu skóla- og frístundasviðs nema til komi samþykki fyrra dagforeldris um endurgreiðslu niðurgreiðslu.

## 11. Eftirlit með niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs [og vinnsla persónuupplýsinga](#)

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d. með skoðun gjaldskrár, dvalarsamninga og reikninga til foreldra ásamt staðfestingu á að þeir séu greiddir, heimsóknnum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum.

[Hér má nálgast fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í tengslum við eftirlit með starfsemi dagforeldra og niðurgreiðslur til þeirra.](#)

## 12. Niðurfelling niðurgreiðslu til dagforeldris

## DRÖG

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslur skv. þessum reglum, t.d. ef um meiriháttar brot er að ræða á reglunum, dagforeldri missir leyfi Reykjavíkurborgar til daggæslu í heimahúsi eða barn byrjar á leikskóla.

### 13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. september 2010.

#### Breytingar:

6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.

7. gr. 2. mgr. um að dagforeldri sé heimilt að taka 5 daga frí á ári tekur gildi 16. desember 2010.

4. mgr. í gr. 1.a varðandi yfirlýsingu dagforeldris fellur brott 1. febrúar 2011.

Gr. 2.c varðandi upplýsingar um börn á biðlista og upplýsingar um boð um vistun fellur brott 1. apríl 2011.

5. og 6. mgr. 6. gr. taka gildi 1. febrúar 2011.

Orðin „í dagskóla“ í gr. 6.a falla brott 1. febrúar 2011.

2. mgr. í gr. 6.a um að nám sem tekið sé gilt sé það sama og nám sem er lánshæft hjá LÍN tekur gildi 1. febrúar 2011.

4. og 5. mgr. í gr. 6.b tekur gildi 1. febrúar 2011.

Orðin „t.d. með skoðun dvalarsamninga, heimsóknum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum“ í 11. gr. falla brott 1. febrúar 2011.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.

#### Breytingar:

Í stað orðsins „framlag“ kemur orðið „niðurgreiðsla“ eða „niðurgreitt“ og breytist beyging setninga til samræmis við það.

Í stað orðsins „Leikskólasvið“ kemur orðið „skóla- og frístundasvið“ Í stað þess að vísað sé í veffang Leikskólasviðs er vísað í veffang skóla- og frístundasviðs.

Felld er út í gr. 3.d tilvísun til þess að unnið sé að gerð nýs upplýsingakerfis fyrir Leikskólasvið.

Fellt er út orðið „Nýja“ í 2. mgr. í gr. 3.d.

Síðasta setning 1. mgr. í gr. 2.a breytist og orðast svo:

Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður eftirlit með starfsemi dagforeldra, sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum.

Gr. 2.c fellur brott.

Til verður ný 3. mgr. 7. gr. sem orðast svo:

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu á fjögurra ára fresti, sem samsvarar einum degi, á meðan það sækir námskeið í slysavörnum sem lið í endurnýjun starfsleysis.

Í 1. mgr. 8. gr. falla niður orðin „eða þjónustutryggingar“.

Í 2. mgr. 10. gr. falla niður orðin „eða óska eftir þjónustutryggingu“.

Í 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „eða þá að foreldrar fá greidda þjónustutryggingu.“

11. gr. orðast svo:

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d. með skoðun gjaldskrár, dvalarsamninga og reikninga til foreldra ásamt staðfestingu á að þeir séu greiddir, heimsóknum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum.

Í 12. gr. falla niður orðin „eða þjónustutrygging er greidd vegna tímabilsins“.

Allar framangreindar breytingar taka gildi 1. mars 2012.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 1. febrúar 2012 og í borgarráði 9. febrúar 2012.

#### Breytingar:

2. mgr. 6. gr. a um hærri niðurgreiðslu í fæðingarorlofi tekur gildi 15. mars 2013.

6. gr. c um hærri niðurgreiðslu vegna endurhæfingar tekur gildi 15. mars 2013.

6. e um hærri niðurgreiðslur vegna barna starfsmann í leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur tekur gildi 15. mars 2013.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. mars 2013 og í borgarráði 14. mars 2013.

#### Breytingar:

2. til 6. mgr. í gr. 3.a varðandi niðurgreiðslu daggæslu vegna barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.

#### Breytingar:

4. mgr. 6.gr síðasti málsl. árétting um sama lögheimili og fjölskyldunúmer.

Gr. 6e, 4. og 5. mgr. varðandi hærri niðurgreiðslu til starfsmanna í launalausum leyfi tekur gildi 12.01.2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði

5. nóvember 2014 og borgarráði 8. janúar 2015.

#### Breytingar:

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018 og 17. janúar 2019.

#### Breytingar:

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 22. september 2020 og í borgarráði þann 1. október 2020, gildistaka 1. desember 2020.

[Reglur um niðurgreiðslu daggæslu barna í heimahúsum með breytingum samþykktar í skóla- og frístundaráði þann \[dags.\] og í borgarráði þann \[dags.\]. Gildistaka 1. janúar 2024.](#)



## Reglur um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum

### Gildissvið

Reglur þessar gilda um niðurgreiðslur skóla- og frístundasviðs til dagforeldra vegna daggæslu reykvískra barna í heimahúsum. Niðurgreiðsla er greidd til dagforeldra til lækkunar daggæslugjöldum foreldra. Niðurgreiðslan fylgir barninu og gera dagforeldri og foreldrar samning um að niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs fari til dagforeldris að nánari skilyrðum uppfylltum. Í ákveðnum tilfellum geta foreldrar sótt um hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldris hjá skóla- og frístundasviði.

### 1. Reglur og upplýsingar um dagforeldra

#### 1.a. Starfsleyfi dagforeldra og reglur sem dagforeldrum ber að fara eftir

Dagforeldrar starfa sjálfstætt en skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldrum starfsleyfi og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi þeirra, sbr. reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Nánari upplýsingar um eftirlit með dagforeldrum má sjá í 35. gr. framangreindrar reglugerðar og í bæklingi skóla- og frístundasviðs um daggæslu í heimahúsum.

Dagforeldri er fær niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs vegna daggæslu ber að fara eftir reglum þessum. Dagforeldri ber að kynna foreldrum barna í daggæslu reglur þessar og ber dagforeldri að kanna hvort skilyrðum niðurgreiðslu sé fullnægt.

Starfsleyfi dagforeldris kveður á um hámarksfjölda barna í daggæslu. Ekki er niðurgreitt með fleiri börnum en þar er kveðið á um. Fáir dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með, fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda, þannig að barnafjöldi í daggæslu sé ekki umfram þann fjölda sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Ekki er greitt framlag með börnum dagforeldra, nema viðkomandi hafi einnig önnur börn í daggæslu. Komi upp sú staða að önnur börn hætta í daggæslunni hefur dagforeldri þó einn mánuð frá 1. eða 15. hvers mánaðar til að taka inn önnur börn áður en niðurgreiðsla, vegna eigin barna, er felld niður.

#### 1.b. Upplýsingar um dagforeldra

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is) er listi yfir starfandi dagforeldra í Reykjavík. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur eru einnig með lista yfir dagforeldra í hverju hverfi og veitir daggæsluráðgjafi auk þess allar nánari upplýsingar um starfsemi og vinnutíma dagforeldra og laus pláss.



Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita dagforeldrum og foreldrum ráðgjöf.

## **2. Að velja dagforeldri og bið eftir leikskólaplássi**

### **2.a Val foreldra á dagforeldri**

Vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra, sjá nánar reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum. Réttarsamband dagforeldris og foreldra er einkaréttarlegs eðlis. Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður eftirlit með starfsemi dagforeldra sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum.

Í kjölfar ákvörðunar foreldris um dvöl barns hjá dagforeldri undirrita dagforeldri og foreldrar samning um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs, sjá nánar í gr. 3.b. og einnig dvalarsamning. Gerð dvalarsamnings dagforeldris og foreldra fer samkvæmt samkomulagi aðilanna og er án aðkomu skóla- og frístundasviðs.

Foreldrar er njóta lækkunar daggæslugjalda vegna niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs skulu lúta reglum þessum.

### **2.b. Tilkynning um leikskólapláss**

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að upplýsa dagforeldri með rafrænum hætti um að barn í daggæslu hafi fengið úthlutað pláss á leikskóla Reykjavíkurborgar. Tilkynningin er eingöngu til upplýsinga fyrir dagforeldri. Segja ber upp samningi um niðurgreiðslu með formlegum hætti, sjá 10. gr. regnanna. Uppsögn dvalarsamnings foreldra og dagforeldra er samkvæmt ákvörðun þeirra þar um.

## **3. Skilyrði niðurgreiðslu til dagforeldris vegna daggæslu**

### **3.a. Skilyrði um aldur, lögheimili barns og fasta búsetu og undanþága frá skilyrði um lögheimili í Reykjavík**

Skilyrði niðurgreiðslu til lækkunar daggæslugjalda er að skráð lögheimili barns í þjóðskrá og föst búseta þess sé í Reykjavík.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta fengið niðurgreidda daggæslu í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megji ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram skráningarskírteini frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Niðurgreitt er fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greidda hærri niðurgreiðslu vegna hjúskaparstöðu eða náms, sjá grein 6.a. og 6.b. í reglum þessum. Niðurgreitt er þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum niðurgreiðslu er fullnægt.

Þegar barn hefur nám í grunnskóla fellur niður réttur til niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs.

### **3.b. Skilyrði um samning milli dagforeldris og foreldra um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs**

Það er skilyrði fyrir niðurgreiðslu að dagforeldri og foreldrar undirriti samning um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs vegna dvalar barns hjá dagforeldri. Fyllt skal í alla reiti samningsins og foreldrum afhent eintak af honum. Þegar barn hættir í daggæslu ber að fylla út viðeigandi eyðublað um uppsögn á samningi um niðurgreiðslu, sjá nánar 10. grein reglnanna. Það sama gildir um breytingar á samningi um niðurgreiðslu, sjá nánar 5. gr. reglnanna.

Nýjum samningum um niðurgreiðslu ber að skila til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi dagforeldris eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar.

### **3.c. Skilyrði um auglýstan opnunartíma**

Ekki er greitt fyrir fjölda dvalarstunda umfram auglýstan fjölda dvalarstunda dagforeldris á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

### **3.d. Skilyrði um staðfestingarblað dagforeldris**

Það er skilyrði niðurgreiðslu að dagforeldri skili þjónustumiðstöð staðfestingarblaði dagforeldris eða skrái upplýsingar í upplýsingakerfið Völu eigi síðar en 15. dag mánaðar. Niðurgreiðsla verður greidd í næsta mánuði þar á eftir.

Greitt er í samræmi við upplýsingar sem fram koma á staðfestingarblaði eða upplýsingar í leikskólakerfinu Völu, þar sem dagforeldri skráir upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um niðurgreiðslu. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, fasta búsetu, tímabil vistunar barns í viðkomandi mánuði og fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi.

Sérstaklega skal taka fram ef breytingar verða frá fyrra mánuði, s.s. ef nýtt barn byrjar, barn hættir eða fjölda dvalarstunda er breytt.

Skrá þarf upplýsingar vegna hærri niðurgreiðslu á staðfestingarblað eða í upplýsingakerfið Völu, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að hafa borist þjónustumiðstöð eða skóla- og frístundasviði eftir því sem við á.

Fái dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda þannig að heildarfjöldi barna í daggæslu sé ekki umfram það sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Því er gerð krafa um að veittar séu upplýsingar um önnur börn í daggæslu.

#### **4. Niðurgreiðsla**

Niðurgreitt er mánaðarlega. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð, fyrsta virkan dag í hverjum mánuði. Ef upplýsingum er skilað eftir 15. dag mánaðarins getur það leitt til þess að ekki sé unnt að greiða fyrirfram vegna næsta mánaðar á eftir.

#### **5. Breytingar á vistunartíma barns**

Ef breyting verður á vistunartíma barns ber dagforeldri og foreldrum að fylla út þar til gert eyðublað. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vegna breytinga er einn mánuður og skal breyting miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Eyðublaðinu ber að skila til þjónustumiðstöðvar eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en breyting á sér stað.

#### **6. Fjárhæð niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs**

Skóla- og frístundasvið greiðir hluta af kostnaði við vistun barna í hlutfalli við þann tíma sem þau dvelja hjá dagforeldri.

Fjárhæð niðurgreiðslu og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda skal vera í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun og dvalarsamning foreldra við dagforeldri.

Foreldrar geta sótt um hærri niðurgreiðslu til skóla- og frístundasviðs sjá nánar gr. 6.a., 6.b., 6.c., og 6.e. Ef hærri niðurgreiðsla er veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga foreldra er hægt að endurkrefja þá um ofgreidda niðurgreiðslu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Hærri niðurgreiðsla skv. reglum um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum er veitt, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn hjá dagforeldri.

Hærri niðurgreiðsla samkvæmt þessum reglum er ekki veitt afturvirk og miðast það við þann dag sem gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta niðurgreiðslu einn mánuð afturvirk ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um hærri niðurgreiðslu og öllum skilyrðum hærri niðurgreiðslu var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting niðurgreiðslna kemur til frádráttar niðurgreiðslu næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Hærri niðurgreiðsla fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði hærri niðurgreiðslu.

Ef veitt hefur verið hærri niðurgreiðsla á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga sem stafa frá dagforeldri er hægt að endurkrefja dagforeldri samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Það sama á við vegna ofgreiðslu sem verður vegna breytinga sem ekki voru fyrirséðar þegar niðurgreitt var vegna viðkomandi mánaðar.

## **6.a Hærri niðurgreiðsla vegna barna námsmanna**

**Hærri niðurgreiðsla er greidd vegna barna hjóna og sambúðarfólks sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:**

- Eru í háskólanámi og skráð í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- Eru í framhaldsskóla og uppfylla lánshæfniskröfur LÍN. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.

Sé skólavottorði ekki skilað með umsókn þarf það að hafa borist innan 14 daga frá því umsókn er lögð fram. Að öðrum kosti fellur umsóknin niður.

Skila skal skólavottorðum fyrirfram fyrir hverja önn þar sem koma fram upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem er lánshæft hjá LÍN.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa hærri niðurgreiðslu vegna náms, barn, geta þau sótt um að fá hærri niðurgreiðslu vegna náms á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði um hærri niðurgreiðslu vegna náms sé í fæðingarorlofi.

**Hærri niðurgreiðsla er greidd frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

## **6.b. Hærri niðurgreiðsla vegna barna einstæðra foreldra**

Aukin niðurgreiðsla er veitt einstæðum lögheimilisforeldrum að fenginni umsókn. Umsókn skal send í gegnum Rafræna Reykjavík og skal endurnýjuð fyrir 15. ágúst ár hvert.

- 1) Hærri niðurgreiðsla er greidd til dagforeldris vegna barna einstæðra foreldra sem skráðir eru einstæðir í Þjóðskrá, þ.e. barn þarf að vera skráð á sama fjölskyldunúmer og lögheimili og umsækjandi um hærri niðurgreiðslu.
- 2) Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að foreldri undirriti staðfestingu þess efnis.
- 3) Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er greidd hærri niðurgreiðsla frá þeim degi sem upplýsingar eru skráðar í Þjóðskrá.

**Hærri niðurgreiðsla er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í Þjóðskrá sem einstætt foreldri.

Það er skilyrði að foreldri sækji um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði og afhendi þjónustumiðstöð og Þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir niðurgreiðslu afturvirkta frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.

### **6.c. Hærri niðurgreiðsla vegna örorku foreldra**

Foreldri sem er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fær afslátt af námsgjaldi.

- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.
- Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins á tímabili endurhæfingar.

**Hærri niðurgreiðsla er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirkta, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

### **6.d. Hærri niðurgreiðsla vegna systkina**

Ef systkini eru hjá dagforeldri greiðist viðbótargreiðsla skv. ákvörðun borgarráðs. Fjárhæðin er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti yfir niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

### **6.e. Hærri niðurgreiðsla til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar**

Hærri niðurgreiðslu fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- 1) Sækja um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði.
- 2) Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá hærri niðurgreiðslu fyrir barn í heilsdagsvistun.
- 3) Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá hærri niðurgreiðslu fyrir barn í hálf dagsvistun.
- 4) Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar.

**Hærri niðurgreiðsla er greidd frá því að umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirkta, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Hærri niðurgreiðsla fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Hærri niðurgreiðsla fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalausum leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um afslátt að nýju. <sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Reglan um hærri niðurgreiðslu starfsmanns í launalausum námsleyfi á grundvelli ákvæðisins tekur gildi 12.01.2015.

Starfsmanni ber einnig að tilkynna skóla- og frístundasviði ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á niðurgreiðslu til daggæslu.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í vistun hjá dagforeldri fá greidda hærri niðurgreiðslu, enda uppfylli starfsmaður skilyrði hærri niðurgreiðslu til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar og sæki um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði. Fjárhæð niðurgreiðslunnar er mismunur á gjaldaflokki I og II á niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Starfsmaður skal að lágmarki einu sinni á ári skila dvalarsamningi barnsins og greiðslukvittunum vegna daggæslugjalda. Hærri niðurgreiðsla gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.<sup>2</sup>

Hafi starfsmaður fengið hærri niðurgreiðslu vegna barns hjá dagforeldri þegar ekki var réttur til hærri niðurgreiðslu áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu ofgreiddrar niðurgreiðslu afturvirk.

## **7. Niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs og lokun daggæslu**

Dagforeldrum er greidd niðurgreiðsla vegna dvalar barna með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík mánaðarlega í 11 mánuði á ári að hámarki. Ekki er niðurgreitt í júlí mánuði. Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í einn mánuð.

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu vegna námskeiðsdags einn dag á ári og einnig vegna tilfallandi veikinda eða sérstakra skammvinnra forfalla án þess að niðurgreiðsla skerðist. Sama gildir óski dagforeldri, í fullri samvinnu við foreldra, að taka allt að fimm daga frí á ári. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar niðurgreiðsla hlutfallslega.

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu á fjögurra ára fresti, sem samsvarar einum degi, á meðan það sækir námskeið í slysavörnum sem lið í endurnýjun starfsleyfis.

Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og þjónustumiðstöð um lokun umfram framangreinda daga eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar niðurgreiðslu komi í þeim mánuði er umframlokun á sér stað.

## **8. Leiðrétting niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs að beiðni dagforeldris**

Niðurgreiðsla verður ekki greidd lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur niðurgreitt fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður niðurgreiðsla lækkuð um sömu fjárhæð.

Ef dagforeldri verður vart við mistök í niðurgreiðslu ber því að tilkynna skóla- og frístundasviði það án tafar.

---

<sup>2</sup> Tekur gildi 15. mars 2013.

## 9. Ofgreidd niðurgreiðsla

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt niðurgreiðslu af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga frá dagforeldri, mun skóla- og frístundasvið lækka niðurgreiðslu til dagforeldris við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sé hætt í daggæslu. Ef ekki reynist unnt að skuldajafna fer krafan í innheimtu sem hefur í för með sér vaxta- og innheimtukostnað. Dagforeldri getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt niður á þrjá mánuði.

## 10. Uppsögn

Dagforeldri og foreldrum ber að segja upp samningi um niðurgreiðslu vegna daggæslu barns á þar til gerðu eyðublaði. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Fyllt skal í alla reiti eyðublaðsins. Segi foreldrar upp samningi um niðurgreiðslu fyrir t.d. 15. dag mánaðarins getur greiðsla með barni hafist á nýjum stað 15. dag næsta mánaðar á eftir.

Dagforeldri ber að skila eyðublaði með uppsögn á niðurgreiðslu til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar eða skrá upplýsingar um uppsögn á niðurgreiðslu í upplýsingakerfið Völu þegar uppsögn á sér stað til að unnt sé að vista barn í aðra vistun en einnig til að tryggt sé að ekki verði niðurgreitt vegna barns eftir að uppsagnarfrestur er liðinn, sbr. framangreinda fresti. Foreldrar geta kynnt sér hvort dagforeldri hafi skilað uppsögn á samningi um niðurgreiðslu í Rafrænu Reykjavík.

Uppsögn dvalarsamnings dagforeldris og foreldra sætir sjálfstæðri uppsögn í samræmi við ákvæði viðkomandi dvalarsamnings.

Einungis er niðurgreitt með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri.

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur hjá dagforeldri sé virtur því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrir en að uppsagnarfresti liðnum.

Fyrsti mánuður barns hjá dagforeldri er reynslumánuður foreldra og dagforeldris. Ákveði foreldrar eða dagforeldri að barn hætti daggæslu innan fyrsta mánaðarins er fyrirvaralaus uppsögn heimil. Dagforeldri á rétt á niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs fyrir þennan mánuð. Hefji barn daggæslu hjá öðru dagforeldri innan sama mánaðar verður sú dvöl ekki niðurgreidd af hálfu skóla- og frístundasviðs nema til komi samþykki fyrra dagforeldris um endurgreiðslu niðurgreiðslu.

## 11. Eftirlit með niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d. með skoðun gjaldskrár, dvalarsamninga og reikninga til foreldra ásamt staðfestingu á að þeir séu greiddir, heimsóknnum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum.

## 12. Niðurfelling niðurgreiðslu til dagforeldris

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslur skv. þessum reglum, t.d. ef um meiriháttar brot er að ræða á reglunum, dagforeldri missir leyfi Reykjavíkurborgar til daggæslu í heimahúsi eða barn byrjar á leikskóla.

## 13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. september 2010.

### Breytingar:

6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.  
7. gr. 2. mgr. um að dagforeldri sé heimilt að taka 5 daga frí á ári tekur gildi 16. desember 2010.  
4. mgr. í gr. 1.a varðandi yfirlýsingu dagforeldris fellur brott 1. febrúar 2011.  
Gr. 2.c varðandi upplýsingar um börn á biðlista og upplýsingar um boð um vistun fellur brott 1. apríl 2011.  
5. og 6. mgr. 6. gr. taka gildi 1. febrúar 2011.  
Orðin „í dagskóla“ í gr. 6.a falla brott 1. febrúar 2011.  
2. mgr. í gr. 6.a um að nám sem tekið sé gilt sé það sama og nám sem er lánshæft hjá LÍN tekur gildi 1. febrúar 2011.  
4. og 5. mgr. í gr. 6.b tekur gildi 1. febrúar 2011.  
Orðin „t.d. með skoðun dvalarsamninga, heimsóknum til dagforeldra og með annari upplýsingagjöf frá dagforeldrum“ í 11. gr. falla brott 1. febrúar 2011.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.

### Breytingar:

Í stað orðsins „framlag“ kemur orðið „niðurgreiðsla“ eða „niðurgreitt“ og breytist beyging setninga til samræmis við það.  
Í stað orðsins „Leikskólasvið“ kemur orðið „skóla- og frístundasvið“ Í stað þess að vísað sé í veffang Leikskólasviðs er vísað í veffang skóla- og frístundasviðs.  
Fellð er út í gr. 3.d tilvísun til þess að unnið sé að gerð nýs upplýsingakerfis fyrir Leikskólasvið.  
Fellt er út orðið „Nýja“ í 2. mgr. í gr. 3.d.  
Síðasta setning 1. mgr. í gr. 2.a breytist og orðast svo:  
Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður eftirlit með starfsemi dagforeldra, sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum.  
Gr. 2.c fellur brott.  
Til verður ný 3. mgr. 7. gr. sem orðast svo:  
Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu á fjögurra ára fresti, sem samsvarar einum degi, á meðan það sækir námskeið í slysavörnum sem lið í endurnýjun starfsleyfis.  
Í 1. mgr. 8. gr. falla niður orðin „eða þjónustutryggingar“.  
Í 2. mgr. 10. gr. falla niður orðin „eða óska eftir þjónustutryggingu“.  
Í 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „eða þá að foreldrar fá greidda þjónustutryggingu.“  
11. gr. orðast svo:  
Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d. með skoðun gjaldskrár, dvalarsamninga og reikninga til foreldra ásamt staðfestingu á að þeir séu greiddir, heimsóknum til dagforeldra og með annari upplýsingagjöf frá dagforeldrum.  
Í 12. gr. falla niður orðin „eða þjónustutrygging er greidd vegna tímabilsins“.

Allar framangreindar breytingar taka gildi 1. mars 2012.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 1. febrúar 2012 og í borgarráði 9. febrúar 2012.

### Breytingar:

2. mgr. 6. gr. a um hærra niðurgreiðslu í fæðingarorlofi tekur gildi 15. mars 2013.  
6. gr. c um hærra niðurgreiðslu vegna endurhæfingar tekur gildi 15. mars 2013.  
6. e um hærra niðurgreiðslur vegna barna starfsmann í leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur tekur gildi 15. mars 2013.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. mars 2013 og í borgarráði 14. mars 2013.

### Breytingar:

2. til 6. mgr. í gr. 3.a varðandi niðurgreiðslu daggæslu vegna barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.

### Breytingar:

4. mgr. 6.gr síðasti málsl. árétting um sama lögheimili og fjölskyldunúmer.  
Gr. 6e, 4. og 5. mgr. varðandi hærra niðurgreiðslu til starfsmanna í launalausum leyfi tekur gildi 12.01.2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 5. nóvember 2014 og borgarráði 8. janúar 2015.

### Breytingar:

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018 og 17. janúar 2019.

### Breytingar:

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 22. september 2020 og í borgarráði þann 1. október 2020, gildistaka 1. desember 2020.





## Þjónustusamningur við dagforeldra í Reykjavík

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn og kennitala dagforeldris ] hins vegar, hér eftir dagforeldri, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 með síðari breytingum, rekstrarleyfi dagforeldris og reglur Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum sem fylgja sem viðauki við samning þennan og eru órjúfanlegur hluti hans:

### 1. Almenn skilyrði niðurgreiðslu til dagforeldris vegna daggæslu

**1.1** Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að dagforeldri hafi rekstrarleyfi til daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík frá Reykjavíkurborg ( frá gildistíð fyrir breytingar á reglugerðar um daggæslu barna ) eða Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum og starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur ef 6 -10 börn eru í vistun hjá tveimur dagforeldrum. Jafnframt liggja fyrir vottorð eldvarnareftirlits um að húsnæðið standist skilyrði og slysatrygging vegna barnanna.

**1.2** Skilyrði fyrir niðurgreiðslu eru til samræmis við [reglur Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum](#). Sama gildir ef breytingar verða á reglunum eða öðrum reglum sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

**1.3** Fjárhæð niðurgreiðslu og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara.

Dagforeldri er greidd niðurgreiðsla vegna dvalar barna með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík mánaðarlega í 11 mánuði á ári að hámarki. Ekki er niðurgreitt í júlí mánuði. Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í einn mánuð. Niðurgreitt er mánaðarlega. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð, fyrsta virkan dag í hverjum mánuði. Ef upplýsingum er skilað eftir 15. dag mánaðarins getur það leitt til þess að ekki sé unnt að greiða fyrirfram vegna næsta mánaðar á eftir.

**1.4** Dagforeldri samþykkir að foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík eigi forgang að lausum plássum í daggæslunni. Ef ekki eru börn á biðlista með lögheimili í Reykjavík er leyfilegt að taka inn börn úr öðrum sveitarfélögum.

**1.5** Greitt er með hverju barni, sem vistast hjá dagforeldri miðað við reglur um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum í Reykjavík. Niðurgreitt er fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greidda hærrí niðurgreiðslu vegna hjúskaparstöðu eða náms, sjá grein 6.a. og 6.b. í reglum um niðurgreiðslu. Niðurgreitt er þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum niðurgreiðslu er fullnægt.

Niðurgreiðslur til dagforeldra eru greiddar til lækkunar á daggæslugjöldum foreldra. Niðurgreiðslan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Greitt er í samræmi við upplýsingar sem fram koma á staðfestingarblaði eða upplýsingar í leikskólakerfinu Völu, þar sem dagforeldri skráir upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um niðurgreiðslu, ásamt staðfestingu foreldra.



**1.7** Það er skilyrði fyrir niðurgreiðslu að dagforeldri og foreldrar undirriti samning um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs vegna dvalar barns hjá dagforeldri. Fyllt skal í alla reiti samningsins áður en til undirritunar samnings kemur og foreldrum afhent eintak af honum. Þegar barn hættir í daggæslu ber að fylla út viðeigandi eyðublað um uppsögn á samningi um niðurgreiðslu. Það sama gildir um breytingar á samningi um niðurgreiðslu. Nýjum samningum um niðurgreiðslu og uppsögnum ber að skila til miðstöðvar eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar. Meðfylgjandi samningi vegna dvalar barns hjá dagforeldri skal fylgja afrit af dvalarsamningi dagforeldris (einkasamningur) og foreldra, þjónustusamningur þessi og reglur um niðurgreiðslur. Engu að síður er sá samningur án aðkomu skóla- og frístundasviðs.

## 2. Skilyrði um gæðaviðmið

**2.1** Dagforeldri skuldbindur sig til að starfa samkvæmt gæðaviðmiðum skóla- og frístundasviðs um starf dagforeldra, nýtir viðmiðin í mati á eigin starfi og gefur upplýsingar um niðurstöður og umbætur í starfi að lágmarki einu sinni á ári og þegar eftir þeim er kallað. Gæðaviðmið daggæslu í heimahúsi má nálgast [hér](#)

## 3. Stofn- og aðstöðustyrkur

**3.1** [Ef dagforeldri er að hefja starfsemi er unnt að sækja um stofnstyrk til skóla- og frístundasviðs sem er að hluta til greiddur þegar leyfi til daggæslu er gefið út, sjá nánar í reglum um stofn- og aðstöðustyrki til dagforeldra. Styrkurinn er til að undirbúa húsnæði fyrir daggæsluna og kaupa nauðsynlegan búnað. Fjárhæð styrks getur breyst samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.] Ef við á.

**3.2** [Við undirritun þjónustusamnings þessa og þaðan í frá árlega þann 1. október er greiddur aðstöðustyrkur til þeirra sem starfað hafa í 24 mánuði til samræmis við reglur um stofn- og aðstöðustyrki sem nú svarar til kr. 150.000.] Ef við á. Hafi dagforeldri fengið stofnstyrk er ekki greiddur aðstöðustyrkur fyrr en eftir 24 mánaða starfstíma. Upphaf starfstíma er við dagsetningu undirritunar þjónustusamnings. Styrkurinn er til að endurnýja búnað, til viðhalds og viðurkenndrar fræðslu. Fjárhæð styrks getur breyst samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

[Til framtíðar litið þarf dagforeldri að hafa starfað í 24 mánuði frá undirritun þjónustusamnings áður en aðstöðustyrkur er greiddur til samræmis við reglur um stofn- og aðstöðustyrki].

## 4. Hámarksgjald foreldra

**4.1** Ekki er gerð krafa um hámarksgjald sem foreldrar greiða fyrir þjónustuna fyrir börn yngri en 18 mánaða.

**4.2** Þegar barn nær 18 mánaða aldri greiða foreldrar að hámarki sama gjald og ef barnið væri í leikskóla Reykjavíkurborgar. Gjaldskrá foreldra getur þó verið hærri ef veitt er umframbjónusta sem ekki er innifalin í dvalargjaldi (gjald vegna vistunar og fæðis) vegna vistunarinnar. Hér er átt við umframbjónustu eins og bleyjur og sérfæði.

Þegar þjónustusamningurinn er undirritaður er miðað við [kr. 31.157.- ] sem er leikskólagjald í [september 2023] fyrir 8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs verður [158.843 kr.] pr. barn hjá dagforeldri.

Til samræmis við framangreint er miðað við að dagforeldrar fái að hámarki samanlagt greiddar [190 þús. kr.] pr. mánuð fyrir hvert barn sem er 18 mánaða og eldra. Það er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra.

Fjárhæð niðurgreiðslu, og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda og hámarksgjald foreldra vegna barna 18 mánaða og eldri getur tekið breytingum og fer eftir ákvörðun borgarstjórnar



hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

## 5. Greiðsla vegna barna sem hætta

**5.1** Ef barn með lögheimili í Reykjavík hættir hjá dagforeldri eftir 1. maí, til að hefja dvöl í leikskóla Reykjavíkurborgar, fá dagforeldrar niðurgreiðslu frá Reykjavíkurborg út júní mánuð ef ekki vistast annað barn í staðinn hjá dagforeldrinu. Skilyrði fyrir greiðslu er að barnið hafi verið í vistun hjá dagforeldrinu frá 1. janúar sama ár og greidd niðurgreiðsla vegna dvalarinnar.

## 6. Símenntun dagforeldra

**6.1** Dagforeldrum mun standa til boða aðgengi að símenntun. Skóla- og frístundasvið greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem haldin eru af viðurkenndum og skilgreindum fagaðilum á tveggja ára fresti.

**6.2** Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslu allt að þremur dögum á ári sem nýtast í endur- og símenntun, enda taki dagforeldri þátt í þeirri fræðslu sem skóla- og frístundasvið býður uppá. Gert er ráð fyrir að einn af þessum dögum verði nýttur í að sækja námskeið sem dagforeldrum er skylt að sækja.

**6.3** Framlag Reykjavíkurborgar vegna námskeiðsgjalds á grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra samsvarar helmingi námskeiðsgjalds.

## 7. Neyðarhnappur

**7.1** Skóla- og frístundasvið greiðir fyrir neyðarhnapp sem gefur talsamband við stjórnstöð sem getur brugðist við ef þörf krefur. Skóla- og frístundasvið gerir samning við öryggisfyrirtæki til samræmis við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

## 8. Nýting útileiksvæða

**8.1** Í samstarfi við leikskóla skal daggæsluráðgjafi kanna hvaða samstarf dagforeldri býðst við leikskóla og/eða nýtingu á útileiksvæði leikskóla í nærumhverfi.

## 9. Gildistími þjónustusamnings og fyrirvari

**9.1** Samningur þessi tekur gildi þann [x] og gildir til [x]. [Gildistími verði að hámarki til þriggja ára en þó aldrei til lengri tíma en leyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála til daggæslu eða leyfi Reykjavíkurborgar frá þeim tíma er leyfi voru gefin út af Reykjavíkurborg]. Gerður er fyrirvari af hálfu skóla- og frístundasviðs um að fjárhagslegar skuldbindingar skv. samningi eftir fyrsta ár samningsins eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á ári hverju en niðurgreiðsla getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur eða gjaldskrá breytt.

## 10. Uppsögn

**10.1** Verði dagforeldri uppvíst að rangfærslum og brotum á reglum um niðurgreiðslu vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða brot á reglum XI. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum að aðbúnaði barna er ábótavant, áskilur skóla- og frístundasvið sér þann rétt að rifta samningi þessum með mánaðarfyrirvara.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur aðila þessa samnings er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar.



**10.2** Að því leyti sem ákvæði þessa samnings og reglna um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa þjónustusamnings.

## 11. Fræðsla um vinnslu persónuupplýsinga

11.1 Reykjavíkurborg ber að varðveita öll skjöl og gögn í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er afhendingarskyldur aðili til Borgarskjalasafns í skilningi laganna. Til samræmis við ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023 munu stjórnslá og stofnanir Reykjavíkur frá og með 1. janúar 2024 skila skjölum sínum til Þjóðaskjalasafns Ísland. Verkefni varðandi móttöku gagna, eftirlit og ráðgjöf flytjast einnig frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns.

11.2 Fræðsla um vinnslu persónuupplýsinga Reykjavíkurborgar í tengslum við starfsemi dagforeldra má sjá hér: <https://reykjavik.is/vinnsla-personuupplýsinga-hja-dagforeldrum-i-reykjavik>

11.3 Dagforeldrar bera sjálfir ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga sem þeir inna af hendi og ákveða hvaða aðferðum er beitt.

11.4 Foreldrar eiga rétt á að fá afrit af þjónustusamningi við dagforeldri.

## 12. Framsal, varnarþing og undirritun

12.1 Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta.

**12.2** Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**12.3** [Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist]. Eftir því sem við á.

[Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.] Eftir því sem við á.

---

Staður og dagsetning

---

Dagforeldri

Við undirritun samnings samþykkir undirritað dagforeldri að lagt verði inn á eftirfarandi reikning: \_\_\_\_\_ kt: \_\_\_\_\_

F.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar: \_\_\_\_\_

*Góðan dag*

*Við höfum fengið nokkrar athugasemdir frá dagforeldrum við þjónustusamning*

- 1. Endurskoðun vegna húnsnæðisstyrks ætti að fara fram fyrir 1.sept 2024. Þá væri ár frá því að samningur átti að taka gildi*
- 2. Stíngur augað að greiðslur muni bitna á foreldrum vegna fjárhagsáætlunar borgarinnar*
- 3. Að gjaldskrá geti breyst án fyrirvara*
- 4. Stofnstyrkur verði greiddur frá júní eins og auglýst var í fjölmíðlum*
- 5. Hvort að ekki megi skerða aðstöðustyrkinn frekar ef að dagforeldri er með færri en 3 börn, það hefur nú alveg gerst í Rvk að það hafi verið barna skortur hjá dagforeldrum að hausti.*
- 6. Að dagforeldri sé búið að vera í vinnu frá 1.janúar til að fá styrkinn, er verið að tala um þau sem að starfa hluta úr ári? Væri ekki hægt að skerða hann ef að ekki er hægt að uppfylla frá 1.janúar*
- 7. Sund og menningarkort væri hægt að setja inn strax*
- 8. Að starfsdagar fari úr 5 í 6 daga á ári*
- 9. Reglur um niðurgreiðslu: 3d að senda þurfi inn mánaðarlega staðfestingu ásamt undirskrift foreldris. Við höfum ekki sent inn undirskrift foreldris nú í nokkur ár. Það væri afturför að fara í það. Frekar að taka út mánaðarlega staðfestingar eins og kópavogur, Mosfellsbær og Hafnarfjörður.*
- 10. 6b að sækja eigi um hærri niðurgreiðslu í gegnum rafræna reykjavík en í sama lið stendur að sækja eigi um á þar til gerðu eyðublaði og afhenda á miðstöð. Verður hægt að gera bæði?*
- 11. 6c 75% örorka: að þeir eigi að sækja um hærri niðurgreiðslu í gegnum mínar síður. Þýðir þetta að við sjáum ekki lengur um þessa pappíra?*



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

### **Umsögn FAS um tillögu að úrræðum vegna dagforeldramála**

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála. Um er að ræða margvíslegar tillögur sem snúa að niðurgreiðslum, styrkjum og öðrum stuðningi til að efla starfsumhverfi dagforeldra. Með tillögunum fylgir greinargerð og útreikningar skóla- og fristundasviðs á fjárhagslegum áhrifum.

Í forsendum kostnaðarmatsins er gert ráð fyrir að dagforeldrum fjölgi um 40 þ.e. að fjöldinn fari úr 85 í 125. Þetta þýðir um 200 ný börn í vistun en gert er ráð fyrir 155 börnum undir 18 mánaða og 45 börn eldri en 18 mánaða.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagsleg áhrif tillaganna árin 2023 til 2025 skv. kostnaðarmati sviðsins<sup>1</sup>:

<b>Fjárhæðir í m.kr.</b>	<b>2023</b>	<b>2024</b>	<b>2025</b>
<i>Núverandi dagforeldrar</i>			
Aðstöðustyrkur	12.750	12.750	12.750
Niðurgreiðslur á vistunargjaldi	49.794	109.547	109.547
<b>Árlegur kostnaður - núv. dagf.</b>	<b>62.544</b>	<b>122.297</b>	<b>122.297</b>
<i>Nýir dagforeldrar</i>			
Aðstöðustyrkur	0	0	6.000
Niðurgreiðslur á vistunargjaldi	35.740	78.627	78.627
<b>Árlegur kostnaður - nýir. dagf.</b>	<b>35.740</b>	<b>78.627</b>	<b>84.627</b>
<b>Samtals árlegur kostnaður</b>	<b>98.284</b>	<b>200.924</b>	<b>206.924</b>
Stofnstyrkur - nýir dagforeldrar	10.000	30.000	0
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>108.284</b>	<b>230.924</b>	<b>206.924</b>

Eins og taflan sýnir þá er gert ráð fyrir að heildarkostnaður nemi um 108 m.kr. árið 2023, um 230 m.kr. árið 2024 og um 207 m.kr. frá og með árinu 2025. Eftirfarandi tafla sýnir svo skiptinguna annars vegar á milli stofn- og aðstöðustyrkja og hins vegar á milli niðurgreiðslna.

<sup>1</sup> Gert ráð fyrir niðurgreiðslur í 5 mán árið 2023



Sundurliðun	2023	2024	2025
<i>Þar af stofn- og aðstöðustyrkir</i>	22.750	42.750	18.750
<i>þar af niðurgreiðsla</i>	85.534	188.174	188.174
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>108.284</b>	<b>230.924</b>	<b>206.924</b>

## Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillögurnar og kostnaðarmatið. Tillögurnar fela í sér að kostnaðarauka bæði vegna stofn- og aðstöðustyrkja og vegna hærri niðurgreiðslna. Ljóst er að töluverð óvissa er um hvaða áhrif tillögurnar hafa á fjölgun dagforeldra. Því er innifelur kostnaðarmatið í sér mikla óvissu, bæði varðandi fjárhæðir og hvenær kostnaðurinn fellur til. Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagsleg áhrif m.v. mismunandi forsendur um fjölgun dagforeldra:

Fjöldi nýrra dagforeldra	0	20	40	60	80
Fjöldi nýrra vistunarplássna	0	100	200	300	400
Árlegur kostnaður	122.297	164.610	206.924	249.237	291.551
Einskiptiskostnaður	0	20.000	40.000	60.000	80.000

Þó er bent á að kostnaðarmatið tekur ekki til liða 4 og 5 í tillögunum. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði er gert ráð fyrir að kostnaðurinn vegna þessara liða verði óverulegur og að ekki sé líklegt að sækja þurfi um auknar fjárheimildir vegna þessa.

Í dag er dagforeldraliður skóla- og frístundasviðs undir fjárheimildum. Verði tillagan samþykkt er lagt til að skóla- og frístundasvið nýti það svigrúm upp í kostnaðinn við tillögurnar. Að sama skapi er bent á að nauðsynlegt er að skoða samspil tillögunnar við brúum bilið verkefnið og það fjármagn sem tekið hefur verið frá vegna þess í fimm ára áætlun. Þrátt fyrir hækkun niðurgreiðslna er kostnaður við hvert leikskólaláss enn hærri vegna 18 mánaða og eldri. Í ljósi þeirra miklu óvissu sem er um fjölgun dagforeldra er mikilvægt að fylgst sé vel með árangrinum af verkefninu og áhrif á fjárheimildir endurmetnar þegar reynsla er kominn á tillögurnar.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs